



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

21. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn 6. júlí 2021 kl. 18 að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Árni Eiríksson formaður, Eggert Valur Guðmundsson varaformaður og Steinar Lúðvíksson varamaður Bryndísar Eirar Þorsteinsdóttir. Einnig situr fundinn safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Staða flutninga. Flutningar eru hafnir úr Hafnarbrú 3 í Búðarstíg 22 og eru textílmunir og safnmunir sem varðveittir eru í renniskápum komnir á sinn stað. Vegna sumarleyfa hægist um þessar mundir á flutningum en vænta má að þeim ljúki síðla sumars. Nægur mannskapur er að vinna við flutningana sem ganga þó örugglega fyrir sig. Farið var yfir vinnulista verkefnisins.

2. Fjárfestingar vegna Búðarstígs 22. Safnstjóri lagði fram lista yfir fjárfestingar og unnin verk sem heyra undir Búðarstíg 22 en þó ekki framkvæmdanna sjálfra. Um er að ræða lausamuni og tæki á kaffistofu. Hluti þessara fjárfestinga verður að bíða næsta árs.

3. Opið hús. Stefnt að opnu húsi í Búðarsstíg 22 laugardaginn 18. september næstkomandi.

4. Nafn á Búðarstíg 22. Rætt var um mögulegt heiti á Búðarstíg 22. Efnt var til samkeppni í vor og komu fram margar tillögur. Samþykkt að bíða með nafngriftina til haustsins en þó má alveg setja lógó safnsins ofan við aðalinngang.

5. Bréf frá Vesturbúðarfélaginu með ósk um samstarf og styrk. Stjórn safnsins óskar Vesturbúðarfélaginu velfarnaðar í mjög áhugaverðu verkefni sem nú er fornleifauppgröftur á Vesturbúðarhólnum. Samþykkt að leggja til vinnuaðstöðu í Búðarstíg 22 í samráði við safnstjóra. Vegna óskar um fjárstyrk þá telur stjórn safnsins sér ekki fært að verða við beiðninni þar sem ekki er gert ráð fyrir styrkveitingum í rekstraráætlun ársins 2021.

6. Starfsemin. Safnstjóri skýrði frá starfinu um þessar mundir. Söfnin eru opin og er aðsókn að glæðast eftir heimsfaraldurinn en aðsóknin er ekki eins og hún var árin 2018 og 2019. Opnuð hefur verið sýningin Missir sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Faglegir starfsmenn eru einungis í flutningum um þessar mundir og að halda utan um allt safnstarfið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18,35.

*Árni Eiríksson*  
*Eggert Valur Guðmundsson*  
*Steinar Lúðvíksson*  
*Lýður Pálsson*